Ed. 342. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd., flutt af fjárhagsnefnd þar eftir tilmælum fjármálaráðherra, en til hans hafði stjórn Landsbankans snúið sjer í þessu

efni, sbr. brjef bankastjórnarinnar, dags. 24. febr. þ. á., sem prentað er aftan við greinargerð frv.

Nefndin telur rjett, eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir um útlit á gengi veðdeildarbrjefanna og lánsfjárþörfina, að leggja til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 8. april 1927.

Björn Kristjánsson, form.

Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm.

Jón Baldvinsson.

Jónas Kristjánsson.

Jónas Jónsson áskilur sjer rjett til að koma með breytingartillögu viðvíkjandi gengishlið málsins